

Miðvikudaginn 12. febrúar 1936.

Nr. 102/1935. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)

gegn

**Stefáni Marino Stefánssyni og Finn-  
boga Péturssyni** (Jón Ásbjörnsson).

Ölvun við bifreiðarakstur.

*Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. júlí 1935:* Hinir kærðu, Stefán Marino Stefánsson og Finnbogi Pétursson, greiði hvor um sig 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað hvorrar sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ennfremur skulu hinir kærðu sviptir ökuleyfum sínum í 3 mánuði.

Hinir kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur hæstaréttar.**

Samkvæmt ástæðum þeim, sem í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi greinir, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum úrslitum verður að dæma hina kærðu til þess in solidum að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 50,00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði lögregluréttardómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærðu, Stefán Marínó Stefánsson og Finnbogi

Pétursson, greiði in solidum allan áfrýunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Jóns Ásbjörnssonar, kr. 50.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Stefáni Maríno Stefánssyni, verkamanni, Njálsgötu 72 og Finnboga Péturssyni, málaranemanda, Laugavegi 72, fyrir brot gegn lögum nr. 70, 1931 um notkun bifreiða, og áfengislögum nr. 33, 1935, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Hinn 15. júní s. l. óku hinir kærðu bifreiðinni RE. 76 héðan úr bænum austur að Ölvesá. Í ferðalag þetta höfðu þeir meðferðis eina flösku af brennivíni og drukku þeir úr henni við Ölvesá með þeim afleiðingum að þeir urðu báðir kendir. Eftir þessa drykkju óku þeir báðir bifreiðinni nokkuð og hafa þeir játað að þeir hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Þetta brot hinna kærðu varðar við 5. gr. 3. mgr. laga nr. 70, 1931, um notkun bifreiða, og 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislega nr. 33, 1935 og þykir refsing hvors hinna kærðu, sem ekki hafa áður sætt refsingu fyrir samskonar brot, hæfilega ákveðin 100 króna sekt til rikissjóðs og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektar hvors um sig, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hinir kærðu skulu og hvor um sig sviptir ökuleyfi sínu í 3 mánuði.

Hinir kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar. Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.